

## Að ná tökum á hávaða í kennslustofunni

Eins og flestir kennarar vita hafa nemendur ýmis ráð til að framleiða hávaða þegar sá gállinn er á þeim. Þeir gefa frá sér hljóð, blístra, söngla, pikka með blýanti í borðið, hamra með fingrunum og margt fleira. Þessi hljóð geta truflað aðra nemendur og pirrað okkur kennara. Þótt í flestum tilfellum sé gagnlegast að hundsa þessa hegðun getur þurft að stöðva hana þegar hún er mjög truflandi í bekknum.

1. Reyndu að gera nemandann meðvitaðan um að hann er að framleiða hávaða. Stundum gera nemendur sér engan veginn grein fyrir því hvað þeir eru að gera. Reyndu að komast að samkomulagi um ákveðið merki sem þú gefur nemandanum þegar hann fer yfir mörkin. Hugsaðu um merki sem þú gefur með táknum t.d. svipbrigði eða snertingu frekar en orð.
2. Ef nemandinn er með hávaða þegar þú ert að kenna skaltu prófa að ganga í átt að honum og reyna að ná augnsambandi við hann. Hugsanlega nægir það til að stöðva hávaðann.
3. Ef þér tekst ekki að fá nemandann til að hætta getur verið nauðsynlegt að nota einvist. Þá þarf að færa hann þannig til í stofunni að hann vinni einn um tíma svo hann trufla ekki aðra.
4. Stundum er hávaðinn ákall á athygli kennarans. Allt of margir nemendur þrífast á neikvæðri athygli og kalla mikið á hana. Í stað neikvæðrar athygli fyrir hávaðann skaltu fremur taka eftir því þegar nemandinn er að hegða sér vel eða vinnur vel í náminu sínu og hrósa honum fyrir það. Með því móti sýnirðu nemandanum að þú tekur eftir honum og það getur kennt honum að nota góða hegðun til að fá athygli.
5. Hugsaðu um þína eigin rödd og hvernig þú beitir henni. Hávæær rödd kennarans veldur oft á tíðum hávaða í kennslustofunni. Nemendur fara að tala hærra og framleiða hávaða.
6. Það er mikilvægt að reyna að átta sig á því hvenær nemandinn er helst með hávaða. Í hvaða tímum það er og ígrunda hvers vegna hann lætur svona. Er hann með verkefni við hæfi, á hann erfitt með að einbeita sér, veit hann hvað hann á að gera og svo framvegis. Hugsanlega þarf hann styttri og fjölbreyttari verkefni til að halda áhuganum vakandi og betur skipulagt námsumhverfi.



Jarprúður Ólafsdóttir kennsluráðgjafi tók saman.

Heimildir:

Cowley, Sue. 2003. *Teaching Clinic*. London. Continuum.

Shore, Kenneth. 2003. *Elementary Teacher's Discipline Problem Solver*. Canada. Jossey-Bass.